

## **Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum**

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 26. febrúar 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 10:00. Að nefndinni standa Samband íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélög BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir og Karl Rúnar Þórsson og frá ASÍ Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

### **1. Starfstengt nám**

Nefndin samþykkir að safna frekari upplýsingum um starfstengt nám sveitarfélaga og aðkomu sveitarfélaga að skipulagningu þess náms. Í framhaldinu verður óskað eftir því að fá fulltrúa frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á fund nefndarinnar.

### **2. Mat á námi sem uppfyllir grein 10.2.3 um a.m.k. 2 ára nám á framhaldsskólastigi**

Nám sem nær tveimur árum á framhaldsskólastigi falla undir grein 10.2.3 í kjarasamningi.

### **3. Erindi vegna náms í leik- og grunnskólum sem haldið var 2003-2004**

Lagt fram erindi vegna náms í leik- og grunnskólum sem haldið var 2003-2004.

Meginreglan er sú að meta ekki nám sem er eldra en fimm ára en í þeim tilvikum sem nám, tekið fyrir meira en fimm árum og starfsmaður er enn í starfinu, er heimild til að meta það til persónuálags.

Þar sem námskeiðið er ekki kennt lengur fer það ekki á lista starfsþróunarnefndar.

### **4. Diplóma í upplýsingafræði**

Lagt fram erindi vegna bókavarðar II þar sem óskað er eftir mati á 30 ECTS diplómanáms í upplýsingafræði sem áður hét bókasafns- og upplýsingafræði.

Þar sem um er að ræða nám sem nýtist í starfi, og námið fellur ekki undir gr. 10.2.4 í kjarasamningi, samþykkir nefndin að námið verði metið til 2% persónuálags samkvæmt grein 10.2.1

### **5. Drög að lista yfir starfstengt nám fyrir Félag skipstjórnarmanna**

Lögð fram að nýju, drög að lista yfir starfstengt nám fyrir Félag skipstjórnarmanna.

Samþykkt að fara yfir listann með Félagi skipstjórnarmanna og leggja hann fram að nýju á næsta fundi.

Næsti fundur nefndar verður haldinn 12. mars 2018

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00